



Parvati

Parvati er dóttir Himavans drottara Himalayafjalla og eiginkona Shiva. Hún er ein mikilvægasta gyðjan í Shaktisma og af mörgum álitin vera sjálf Shakti, hin kvenlega frumorka. Hún er góð og móðurleg gyðja sem hefur vald yfir kraftinum eða orkunni sem allar verur í heiminum þarfnast til að vera til.

Samband Parvati og Shiva er mjög sterkt og farsælt. Parvati er síðari eiginkona Shiva en samt í raun einnig sú fyrri því hún á að vera Sati, fyrri eiginkonan, endurfædd. Shiva og gyðjan Sati höfðu verið mjög ástfangin og gengu því í hjónaband þrátt fyrir að faðir Sati, Daksha, væri ekki hrifinn af hinum mislynda guði og var mótfallinn hjónabandinu. Dag einn hélt Daksha mikla veislu þar sem hann bauð fjölskyldumeðlimum, vinum, og guðum, og í raun öllum sem hann þekkti, nema Shiva. Í veislunni reisti hann upp stytta af Shiva sem hann gerði grín að og vanvirti. Þegar Sati sá þetta varð hún sárlega móðguð fyrir hönd eiginmanns síns og í reiði sinni stökk hún inn í stóran varðeld og brann til ösku.



Himalayafjöllin eru hæsti fjallgarður heims og ná yfir 6 lönd: Bútan, Kína, Indland, Nepal, Pakistan og Afganistan.

Hindúar trúa því að þegar líkaminn deyr lifi sálin áfram og **endurfæðist** í öðrum líkama.

Sá er **mislyndur** sem breytir oft um skap og er óútreiknanlegur.

Íhugun eða hugleiðsla er aðferð sem notuð er til að styrkja hugann og slaka á. Við hugleiðslu aftengir fólk sig frá umhverfi sínu og beinir íhuguninni inn á við. Ef um trúarlega íhugun er að ræða beinist hún gjarnan að að tilteknum trúarlegum sannindum og inntaki helgiritá.

Þegar Shiva uppgötvaði að ástkær eiginkona kona hans var dáiin fylltist hann svo mikilli bræði að hann hóf umhugsunarlaust að dansa dauðadansinn. Hann dansaði án þess að stoppa og heimurinn var við það að eyðast þegar guðirnir náðu að róa hann með því að fleygja yfir hann öskunni af líkama Sati. Shiva lauk því ekki við dansinn og heiminum var bjargað. Hann varð hinsvegar gagntekinn af sorg, sökkti sér í hugleiðslu og hundsaði allar guðlegar skyldur sínar. Það var ekki fyrir en mörgum árum síðar er Sati endurfæddist sem Parvati að Shiva rankaði við sér og tók aftur að sinna skyldum sínum. Með ást sinni og þolinmæði kenndi Parvati Shiva mikilvægi hófsemi og kom jafnvægi á tilfinningar hans. Hindúar líta á Shiva og Parvati sem hið fullkomna dæmi um hjónabandssælu og þau eru sjaldan sýnd hvort án annars.



En Parvati á sér aðrar hliðar. Ein birtingarmynd hennar er Kali gyðja tíma og dauða. Sem Kali stjórnar hún bæði eyðandi og uppbyggjandi öflum tímans og er oft sýnd sem grimm og ofbeldisfull gyðja.

Birtingarmynd er ein ákveðin mynd einhvers sem getur haft mismunandi hliðar eða útlit.

Önnur birtingarmynd hennar er svo stríðsgyðjan Durga sem bjargaði heiminum frá yfirráðum hins ógurlega djöfuls Mahishasura. Þú getur lesið nánar um það í kaflanum Durga.

Spurningar

1. Hvernig gyðja er Parvati?
2. Skoðaðu kort af Asíu, finndu Himalayafjöllin og litaðu þau inn á myndina hérna fyrir neðan.



3. Hvernig stóð á því að Shiva var eitt sinn næstum búinn að eyða heiminum?
4. Hvaða áhrif er Parvati sögð hafa á eiginmann sinn?
5. Líkt og aðrir guðir hindúa á Parvati sér aðrar birtingarmyndir. Hverjar eru þær og hvernig eru þær ólíkar henni?